Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 8. maí 2018
2017100004
3.4.0

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

***Euro Gym 2020***

Borgarráði er hér með sent til kynningar samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Fimleikasambands Íslands vegna Euro Gym fimleikahátíðar sem haldinn verður í Reykjavík sumarið 2020.

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

# EuroGym fimleikahátíð 2020
# Samkomulag

Fimleikasamband Íslands og Reykjavíkurborg gera með sér svohljóðandi samkomulag varðandi EuroGym fimleikahátíð sem haldin verður í Reykjavík 2020.

1.

Reykjavíkurborg mun styrkja hátíðina með endurgjaldslausum afnotum af húsnæði Íþrótta- og sýningarhallarinnar, Skautahallarinnar og skólum skv. nánara samkomulagi á milli Fimleikasambands Íslands og Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar (ÍTR). ÍTR mun fyrir hönd Reykjavíkurborgar hafa umsjón með framkvæmd leikanna og gera tillögu til borgarráðs vegna fjárveitingar 2020.

2.

Fimleikasamband Íslands mun beita sér fyrir því að kynna Reykjavíkurborg sem best í sambandi við hátíðina 2020. Meðal annars er gert ráð fyrir sérstakri kynningu í tengslum við kynningu á leikunum erlendis og vegna þátttöku annarra þjóða á leikunum.

3.

Fimleikasamband Íslands mun tryggja að merki borgarinnar verði ávallt notað í tengslum við leikana þegar það á við. Fimleikasambandið mun tryggja að Reykjavíkurborg hafi aðgang að öllu kynningarefni, fram að leikunum.

4.

Með undirritun samkomulags þessa er staðfestur gagnkvæmur skilningur og vilji aðila til þess að undirbúa og kynna Euro-Gym fimleikahátíð 2020 og Reykjavík sem best. Til þess að tryggja tengsl milli Fimleikasambandsins og Reykjavíkurborgar verði komið á laggirnar samstarfsnefnd, skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila.

Reykjavík, 17. maí 2018.

| F.h. Reykjavíkurborgar | F.h. Fimleikasambands Íslands |
| --- | --- |